

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir Hringborð norðurslóða – Arctic Circle Foundation.

#### 1. gr.

##### *Heiti.*

Sjálfseignarstofnunin heitir Hringborð norðurslóða – Arctic Circle Foundation og starfar skv. lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Stofnunin stundar ekki atvinnurekstur.

#### 2. gr.

##### *Heimilisfang.*

Heimilisfang stofnunarinnar er í Reykjavík.

#### 3. gr.

##### *Markmið.*

Markmið Hringborðs norðurslóða er að skapa lýðræðislegan vettvang fyrir alþjóðlega samræðu og samvinnu um málefni norðurslóða og þýðingu þeirra fyrir framtíð jarðarinnar. Ríkisstjórnir, stofnanir, fyrirtæki, háskólar, hugveitur, umhverfisstofnanir, samtök frumbyggja, ábyrgir borgarar og aðrir sem láta sig málefni þessa heimshluta varða geta tengst ráðstefnum, málþingum, atburðum og verkefnum á vegum Hringborðs norðurslóða. Einnig er hringborðið vettvangur fyrir samstarf við hið alþjóðlega vísindasamfélag og aðra sem láta sig varða sambærileg málefni í öðrum heimshlutum.

Fjármunum stofnunarinnar skal varið í þágu ofangreindra markmiða.

#### 4. gr.

##### *Stofnandi.*

Stofnandi er sjálfseignarstofnunin Loftslagsrannsóknir – Climate Research Foundation, kt. 611209-2230.

#### 5. gr.

##### *Stofnfé.*

Stofnfé er kr. 1.160.000, sem lagt er fram af stofnanda, sbr. 4. gr. Stofnfé er óskerðanlegt.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim eignum er hún kann að eignast síðar. Engin sérréttindi í stofnuninni tilheyra stofnanda hennar.

#### 6. gr.

##### *Stjórn.*

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð 5 einstaklingum til 3 ára í senn. Stofnandi tilnefnir fyrstu stjórn, en eftirleiðis mun fráfarandi stjórn kjósa nýja stjórn við lok kjörtímabils. Við val stjórnarmanna skal einfaldur meirihluti ráða. Engin sérréttindi í stofnuninni tilheyra stjórnarmönnum.

Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnin stýrir öllum málefnum stofnunarinnar og kemur fram út á við fyrir hönd hennar. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi hennar sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda stofnunina. Stjórn stofnunarinnar getur veitt umboð fyrir hönd hennar.

Komi til þess að stjórnarmaður geti ekki, af einhverjum ástæðum, sinnt hlutverki sínu er hægt að víkja honum úr stjórn með einfaldri atkvæðagreiðslu þar sem meirihluti stjórnar ræður. Skal þá stjórn kjósa nýjan stjórnarmann og skal það tilkynnt til embættis sýslumanns.

#### 7. gr.

##### *Stjórnarfundir.*

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfunda.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tæk á að fjalla um málið, sé þess nokkur kostur. Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum.

## 8. gr.

*Ábyrgð stjórnarformanns.*

Stjórnarformaður ber ábyrgð á fundargerðabók og að mikilvægar ákvarðanir verði skjalfestar og skráðar.

Stjórnarformaður ber ábyrgð á reikningshaldi og gerð ársreiknings og staðfestir skjöl reiknings-skila með undirskrift sinni.

## 9. gr.

*Forstjóri.*

Stjórn stofnunarinnar er heimilt að skipa forstjóra til þess að annast almennan rekstur og stýra sérstökum verkefnum sem stjórnin efnir til eða á aðild að. Forstjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur stofnunarinnar, sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

## 10. gr.

*Endurskoðendur.*

Stjórn stofnunarinnar skal velja löggiltan endurskoðanda til að endurskoða reikninga stofnunarinnar fyrir hvert starfsár. Endurskoðanda má ekki velja úr hópi stjórnarmanna stofnunarinnar.

## 11. gr.

*Reikningsárið.*

Reikningsárið er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjálfseignarstofnunarinnar og til næstu áramóta.

## 12. gr.

*Breyting samþykkt, slit og sameining.*

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari, sameina stofnunina annarri sjálfseignarstofnun eða leggja hana niður þarf samþykki allra stjórnarmanna. Slíkt skal borið skriflega undir embætti sýslumannsins á Norðurlandi vestra. Komi til þess að stofnunin verði lögð niður skal hreinni eign hennar varið til markmiðanna sem greint er frá í 3. gr. hér að ofan eða skyldra markmiða.

## 13. gr.

*Staðfesting sýslumanns.*

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Norðurlandi vestra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 12. júní 2018,*

**Björn Ingi Óskarsson.**

\_\_\_\_\_  
*Auður Steingrímsdóttir.*